

25. Keflavík, Njarðvík og Gullbringusýsla ..... Skrifstofa sýslumanns og bæjarfógeta, Keflavík.
26. Grindavík ..... Umboðsskrifstofa bæjarfógeta, Grindavík.
27. Hafnarfjörður, Garðabær, Sel-tjarnarnes og Kjósarsýsla ..... Skrifstofa sýslumanns og bæjarfógeta, Hafnarfirði.
28. Kópavogur ..... Skrifstofa bæjarfógeta, Kópavogi.
29. Reykjavík ..... Skrifstofur hlutaðeigandi dómaraembætta (borgardómaraembættið, sakadómaraembættið, borgarfógetaembættið), Reykjavík.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 31. desember 1981.*

**Friðjón Þórðarson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

## **GJALDSKRÁ**

**fyrir uppboðshaldara.**

### **1. gr.**

Fyrir tilkyningu til skuldara um sölubeiðni og fyrir frumvarp að uppboðs-skilmálum skal greiða uppboðshaldara kr. 20,00.

### **2. gr.**

**Innheimtugjald uppboðshaldara:**

**a. Án sölu:**

Af upphæð þeirri, er uppboðshaldari innheimtir eða innheimtist fyrir hans atbeina, skal greiða 1%.

**b. Við sölu:**

**1. Fasteignir og skip:**

Af upphæð þeirri, er uppboðshaldari innheimtir eða innheimtist fyrir hans atbeina, skal kaupandi greiða 1%.

Innheimtugjald skal og greiða, þótt eign sé lögð út, sbr. 32. gr. uppboðslaga.

**2. Lausafé:**

**Innheimtugjald frá kaupanda:**

**a. Með gjaldfresti 6%.**

**b. Við staðgreiðslu 3%.**

**Innheimtugjald frá seljanda 4%.**

Innheimtugjald skal eigi greiða af þeim hluta uppboðsandvirðis, sem kaupandi tekur undir sjálfum sér, áfram stendur veðtryggt í eign eða kaupandi og kröfuhafi semja um greiðslu á án nokurs atbeina þess, er innheimtu annast.

Innheimtugjald skal ákveða í heilum krónum, þannig að lægri fjárhæð en 50 aurar falli niður en 50 aurar og hærri fjárhæð hækki í heila krónu.

### **3. gr.**

Gjaldskrá þessi gildir og við frjáls uppboð, ef eigi er um annað samið.

## 4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt 11. gr. laga nr. 57 25. maí 1949 um nauðungaruppboð, öðlast gildi 1. janúar 1982.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir uppboðshaldara nr. 169 31. ágúst 1951.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. desember 1981.*

Friðjón Þórðarson.

Baldur Möller.